



# Áveitan

8. tbl. 18. árgangur. Ágúst 2024

## Djótanda fatnaður

Umf Þjóttandi ætlar að safna í hóppöntun á Þjóttandafatnaði nú í ágúst. Í fyrsta skipti verður í boði að kaupa merktar Þjóttandastuttbuxur sem passa vel við keppnisbolinn okkar.

**Eftirfarandi fatnaður er í boði:**



**Stuttbuxur** með litlu Þjóttandamerki á skálm. Verð 2000 kr  
Stærðir: 116 - 128 - 140 - 152 - 164 - S - M - L - XL - XXL

**Keppnisbolur** með litlu Þjóttandamerki á brjósti og ÞJÓTTANDI á bakinu. Verð 3000 kr  
Stærðir: 116 - 128 - 140 - 152 - 164 - S - M - L - XL - XXL

**Hálfrennd æfingapeysa** með litlu Þjóttandamerki á brjósti. Verð 4500 kr.  
Stærðir: 128 - 140 - 164 - S - M - L - XL - XXL

**Rennd hettupeysa** með litlu Þjóttandamerki á brjósti. Verð 5500 kr.  
Stærðir: 128 - 140 - 164 - S - M - L - XL - XXL

Athugið að Umf Þjóttandi verður ekki með mikinn lager af Þjóttandafatnaði til hjá sér. Því er mikilvægt að allir sem áhuga hafa taki þátt í þessari hóppöntun. Ungmennafélagið Þjóttandi nidurgreiddir allan fatnað merktan félaginu umtalsvert. Hægt er að panta hjá Hallfríði í Lyngholti á netfangið [halla@floahreppur.is](mailto:halla@floahreppur.is) til að með 25. ágúst n.k.

## Áveitan í Flóahreppi

Útgefandi: Ungmennafélagið Þjótandi.

Ábyrgðarmenn:

Hallfríður Ósk Aðalsteinsd. halla@floahreppur.is  
Oddný Ása Ingjaldsdóttir oddnyasa@gmail.com

845-9719  
865-5692

## Pistill sveitarstjóra



Kæru íbúar og aðrir lesendur  
Áveitunnar

Sumarið líður hratt og fyrr en  
varir tekur ágúst mánuður við.  
Dagurinn styttist nú smám  
saman en hver og einn  
mánuður hefur þó alltaf sinn sjarma og  
karakter.



Sveitarstjórn Flóahrepps kom saman til funda 2. júlí og á  
aukafundi þann 9. júlí.

Á fundinum þann 2. júlí samþykkti sveitarstjórn að Flóahreppur  
myndi bjóða upp á gjaldfrjálsar skólamáltíðir í grunnskóla  
sveitarfélagsins frá skólabyrjun 2024. Er þetta tilkomið vegna  
breytinga á lögum um tekjustofna sveitarfélaga sem Alþingi  
samþykkti í júní og er Jöfnunarsjóði nú falið það hlutverk að  
úthluta framlagi til sveitarfélaga sem bjóða upp á gjaldfrjálsar  
skólamáltíðir. Verkefnið nær til tímabilsins frá ágúst 2024 til loka  
árs 2027 og stendur ríkið straum að 75% af kostnaði  
forráðarmanna vegna skólamáltíða og sveitarfélög 25% á  
ofangreindu tímabili.

Nýjar samþykktir um stjórn sveitarfélagsins Flóahrepps voru  
birtar í B-deild Stjórnartíðinda í júní en þar eru meðal annars  
breytingar sem kveða á um að fundir sveitarstjórnar skuli senda  
út í beinu streymi og einnig að fundir sveitarstjórnar verð haldnir  
tvisvar í mánuði. Sveitarstjórn mun senda fundi í beinu streymi  
frá 3. september og halda reglulega fundi fyrsta og þriðja  
þriðjudag í mánuði nema annað sé ákveðið á fundi  
sveitarstjórnar.

Framkvæmdir í Flóaskóla ganga vel og stefnt að því að allar stærstu breytingar innanhúss verði að fullu klárar við skólabyrjun í ágúst. Meðal annars er búið að stækka smíða-, heimilisfræði-, og myndmenntarstofu og færa kaffistofu og vinnurými kennara. Eftir Verslunarmannahelgi verður farið í að saga hurðargöt út úr smíða- og heimilisfræðistofum en þar verður hægt að fara beint út á útikennslusvæði við stofurnar og vinna smiðir nú að því að slá upp fyrir skjólveggjum á útikennslusvæði. Með þessum breytingum verður aðstaða í verkgreinum mun betri og rýmri á allan hátt.

Vinnuskólinn hefur sinnt fjölbreyttum verkefnum í sumar en lokadagur hjá unglingunum var mánudaginn 29. júlí. Hér eru helstu verkefni sem þau komust yfir í sumar:

- Hreinsun á stéttum í kringum félagsheimilin og skólana.
- Lagfæring á leiktækjum og útsýnispalli á skólalóð.
- Leiktæki á skólalóð máluð og gamli kastalinn rifinn.
- Hluta af girðingu í kringum skólalóð löguð.
- Snyrting á trjám og greinar sagaðar við félagsheimilin og skólana.
- Borið á tréverk og palla við félagsheimilin, Flóaskóla og Krakkaborg.
- Nýr sandkassi smíðaður fyrir lóð Lóudeildar í Krakkaborg.
- Borið á skjólveggi á fótboltavelli.
- Snyrt til í kringum gömlu Þingborg.
- Hreinsun á grjótbeðum í kringum Þingborg og Félagslund.
- Slegið í kringum félagsheimili og skólann.
- Ruslatínsla á öllum helstu vegum sveitarfélagsins.
- Snyrt til í kringum allar kirkjurnar og slegið í Gaulverjabæjarkirkju.
- Aðstoð við þrif inni í Félagslund og Þingborg.
- Djúphreinsun á öllum stólum í Félagslund.
- Þrif á gluggum utan á Þingborg.
- Bílaþrif á bílum sveitarfélagsins.
- Ruslaferðir eftir framkvæmdir í Flóaskóla.  
Málun á bílastæði við Þingborg.

Listinn er ekki tæmandi en sýnir hversu mörgum mikilvægum

verkefnum vinnuskólinn sinnir. Verkstjórar í sumar hafa verið þau Sigurður Þór Emilsson og Þórunn Sturludóttir Schacht. Verkstjórar munu vinna aðeins inn í ágústmánuð við ýmis verkefni.

**Starfsmönnum vinnuskólans eru hér með færðar kærar þakkir fyrir þeirra vinnuframlag í sumar.**

### **Gámasvæði ÍGF:**

Opnunartímar gámasvæðisins í Hrísmýri eru eftirfarandi:  
Mánudaga – föstudaga: 13:00-17:00

Athugið að sú breyting hefur orðið á þjónustu ÍGF að ekki er opið á laugardögum.

Sjá nánar hér: <https://gamafelagid.is/starfsstod/islenska-gamafelagid - sudurlandi/>

Þjónusta á starfsstöð er eftirfarandi: almennt sorp, grófur úrgangur, hreint og litað timbur, pappi og pappír, plast, járn og málmar, spilliefni og steinefni.

Hafi íbúar áhuga á að panta til sín gáma á eigin vegum þá er hægt að hafa samband við ÍGF í síma 482-3371 eða á netfangið [igf@igf.is](mailto:igf@igf.is)

Við minnum á að íbúar og fasteignaeigendur þurfa að hafa klippikort til að fá að nota gámasvæðið í Hrísmýri gjaldfrjálst. Klippikortin má nálgast á skrifstofu sveitarfélagsins í Þingborg á opnunartíma.

### **Húsvarsla í Þingborg og Félagslundi:**

Andri Þór Erlingsson og Ingibjörg Einarsdóttir sjá um húsvörslu í Félagslundi og Þingborg.

Bókanir og fyrirspurnir vegna félagsheimilanna berist í síma 691-7082 eða á netfangið [thingborg@gmail.com](mailto:thingborg@gmail.com)

**Opnunartími skrifstofu:** Opnunartími skrifstofu Flóahrepps er frá 9:00-16:00 mánudaga-fimmtudaga og 9:00-13:00 á föstudögum.

Síminn er opinn frá 9:00-13:00 alla virka daga og alltaf er hægt að senda tölvupóst á starfsmenn skrifstofu:

Anna Dóra ritari og gjaldkeri: [anna@floahreppur.is](mailto:anna@floahreppur.is)

Hafdís bókari, launafulltrúi og umsjón með álagningakerfi og

fasteignagjöldum: [hafdis@floahreppur.is](mailto:hafdis@floahreppur.is)  
Hulda sveitarstjóri: [hulda@floahreppur.is](mailto:hulda@floahreppur.is)  
Vaktsími vatnsveitu: 862-6848

Skrifstofa Flóahrepps opnar eftir sumarlokun þriðjudaginn 6. ágúst kl. 9:00.

**Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita bs. (UTU) – vegna skipulags og byggingarmála og umsjón með tæmingu rotþróa (Seyruverkefnið):**

UTU er staðsett á Laugarvatni. Almennt netfang: [utu@utu.is](mailto:utu@utu.is)  
Sími: 480-5550

Opið alla virka daga frá 9:00-12.00.

Viðtals- og símatímar skipulags- og byggingarfulltrúa og annarra starfsmanna alla virka daga nema miðvikudaga milli kl. 9:00-12.00. Mælst er til þess að fundir séu bókaðir með fyrirvara. Sjá nánar hér: <https://www.utu.is/um-okkur/>

**Skóla- og velferðarþjónusta Árneshings bs:**

Skóla- og velferðarþjónustan er staðsett í Laugarási en starfsmenn sinna fundum og ráðgjöf oft á tíðum utan starfsstöðvar.

Sími: 480- 1180 Heimasíða: [www.arnesthing.is](http://www.arnesthing.is)

Vegna skólalþjónustu: [skolathjonusta@arnesthing.is](mailto:skolathjonusta@arnesthing.is)

Vegna velferðarþjónustu: [velferd@arnesthing.is](mailto:velferd@arnesthing.is)

*Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri*



## Frá Gautaborgarleikum

Gautaborgarleikarnir 2024 í frjálsum íþróttum voru haldnir helgina 5. – 7. júlí sl á Slottskogsvallen í Gautaborg. Fjöldi keppenda frá HSK svæðinu á aldrinum 12 – 18 ára tóku þátt og stóðu sig með mikilli þrúði.

Það er alltaf mjög góð og skemmtileg upplifun fyrir unga iðkendur að keppa á svona stóru alþjóðamóti, en á mótinu voru um 2850 keppendur frá 325 félögum frá 30 löndum. Einn keppandi var frá Ungmennafélaginu Þjótanda á þessum leikum. Þar var Helgi Reynisson frá Hurðarbaki og má sjá árangur hans á mótinu hér á næstu síðu.

Í heild var þetta mjög vel heppnuð ferð hjá HSK. Eftir mótið var kíkt í Tívolí í Lisebert, hoppað og synt í Kasjön og farið í alls kyns hópefli. Kom hópurinn sáttur heim eftir góða ferð.



Keppendur frá sambandsvæði HSK á Gautaborgarleikum

# Úrslit móta

## Gautaborgarleikar 6.-7. júlí

### Helgi Reynisson 19 ára

13,13 sek 100 m hlaup

19,55 sek 110 m grind

27,26 sek 200 m hlaup

18.sæti 1,65 m Hástökk **PB**

21.sæti 3,23 m Stangarstökk **PB**

19.sæti 5,40 m Langstökk **PB**

9.sæti 12,06 m Þrístökk **PB**

## Meistaramót Íslands í þraut Kaplakrika 27.-28. júlí

### Helgi Reynisson

2.sæti 13,53 sek 100 m hlaup

2.sæti 19,47 sek 110 m grind

2.sæti 62,15 sek 400 m hlaup **pb**

2.sæti 8:31,38 mín 1500 m hlaup

2.sæti 1,57 m Hástökk

1.sæti 3,20 m Stangarstökk

2.sæti 5,40 m Langstökk

2.sæti 24,09 m Kringlukast 1,5 kg

2.sæti 33,34 m Spjótkest 700 gr **pb**

2.sæti 9,24 m Kúluvarp 5 kg

2.sæti 3792 heildarstig í tugþraut



# Meistaramót Íslands í frjálsum 11-14 ára Laugum í Reykjadal 13.-14.júlí

## 60m hlaup piltar 12 ára

13.sæti	9,97 sek	Kristján Reynisson
16.sæti	10,47 sek	Ottó Ingi Annýjarson

## 400m hlaup piltar 12 ára

11.sæti	1:20,54 mín	Kristján Reynisson
15.sæti	1:32,85 mín	Ottó Ingi Annýjarson

## Hástökk piltar 12 ára

10.sæti	1,17 m	Kristján Reynisson
16.sæti	1,07 m	Ottó Ingi Annýjarson

## Langstökk piltar 12 ára

8.sæti	3,86 m	Kristján Reynisson
17.sæti	3,30 m	Ottó Ingi Annýjarson

## Kúlvarp 3 kg piltar 12 ára

2.sæti	7,68 m	Baldur Ragnar Ragnarsson PB
8.sæti	7,03 m	Kristján Reynisson
20.sæti	4,32 m	Ottó Ingi Annýjarson PB

## Spjótkest 400gr piltar 12 ára

7.sæti	21,99 m	Baldur Ragnar Ragnarsson PB
10.sæti	20,57 m	Kristján Reynisson PB
17.sæti	14,41 m	Ottó Ingi Annýjarson PB

## 60m hlaup stúlkur 12 ára

13.sæti	11,48 sek	Guðbjörg Erla Annýjardóttir
---------	-----------	-----------------------------

## Langstökk stúlkur 12 ára

13.sæti	2,85 m	Guðbjörg Erla Annýjardóttir
---------	--------	-----------------------------

## Kúlvarp 2 kg stúlkur 12 ára

14.sæti	4,31 m	Guðbjörg Erla Annýjardóttir PB
---------	--------	--------------------------------





Öflugir keppendur HSK á mótinu, þ.á.m. Ottó Ingi, Guðbjörg, Erla, Kristján og Baldur Ragnar frá Umf Þjótanda.

## Unglingamót HSK Selfossi 16.-17.júlí

### Helgi Reynisson 16 ára

2.sæti	13,26 sek	100 m hlaup
1.sæti	1,50 m	Hástökk
3.sæti	5,09 m	Langstökk
2.sæti	11,41 m	Þrístökk
2.sæti	32,04 m	Spjótkast 700 gr PB

### Sigurjón Reynisson 19 ára

1.sæti	2:14,49 mín	800 m hlaup
--------	-------------	-------------

## Þjótandaæfingar í sumar

Umf Þjótandi er með æfingar í sumar fyrir krakka sem voru að ljúka 1. - 6. bekk.



Æfingarnar eru á miðvikudögum milli kl 20 og 21, á íþróttavellinum við Þjórsárver. Þjálfarar eru þær Guðmunda Bríet Steindórsdóttir og Hanna Dóra Höskuldsdóttir. Síðasta æfing sumarsins verður miðvikudaginn 21. ágúst.

Einnig eru leikjakvöld fyrir nemendur sem voru að ljúka 7. bekk og eldri á fimmtudagskvöldum milli kl 20 og 22. Staðsetning er auglýst á facebook síðu félagsins hvert sinn.

Flóamótið verður svo haldið venju samkvæmt í samvinnu við Flóaskóla um mánaðarmótin ágúst/september.

Stjórnin

# GÖNGUFERÐ

## Haukadalssskógur

Það er komið að gönguferðinni okkar þetta árið.

Þriðjudaginn 20. ágúst, kl. 19:15 ætlum í göngu með leiðsögn staðahaldara um Haukadalssskóg.

Hvetjum félagi okkar og aðra áhugasama að sameinast í bíla, taka með sér smá hressingu í bakpoka og auðvitað klæða sig eftir veðri.

Kveðja  
*Stjórnin*



\*Hittumst á innra bílastæðinu

\*ATH að það tekur umk 1 klst að aka í Haukadal

Haukadalssskógur er einn stærsti þjóðskógur Suðurlands og sá sem hefur verið gróðursett hvað mest í. Margar tilraunir í skógrækt hafa verið unnar á svæðinu sem og skógvistar-rannsóknir. Aðstæða til útivistar er góð og einnig sér hannaður stígur fyrir hjólastóla í skóginum.

## Fréttir frá Flóaskóla

Þá er ágústmánuður runninn upp og undirbúningur skólastarfsins framundan. Skrifstofa skólans opnar þriðjudag 6. ágúst, frá 8:00-14:00 og stjórnendur verða við störf frá þeim tíma. Kennarar sinna endurmenntun og undirbúningi í ágúst og aðrir starfsmenn koma að ýmsum undirbúningi ásamt því að sinna sumarfrístund sem verður opin frá og með mánudegi 19. ágúst, fram að skólabyrjun.



Skólasetning Flóaskóla verður föstudaginn 23. ágúst næstkomandi í Þjósárveri klukkan 10:00, gert er ráð fyrir að allir nemendur mæti með sínum forráðamönnum. Skólahald hefst síðan samkvæmt stundaskrá mánudag 26. ágúst.

Þó hefðbundið starf í skólanum hafi farið í sitt árlega sumarleyfi þá er langt í frá að ládeyða hafi ríkt í skólabyggingunni í sumar. Frá 20. maí hafa iðnaðarmenn verið að störfum við skólann. Miklar breytingar hafa verið gerðar á myndmenntastofu, heimilisfræðistofu og smíðastofu auk ýmiskonar smærri framkvæmda innan og utan húss. Allt hefur þetta gengið afar vel og sjáum við fram á að framkvæmdum innan húss ljúki fyrir skólabyrjun og framkvæmdum á lóð áður en vetur gengur í garð.

Það verður spennandi að hefja skólastarfið í þessu breytta vinnuumhverfi sem kemur til með að bæta aðstöðu bæði nemenda og starfsfólks.

Við horfum með tilhlökkun til verkefna komandi skólaárs

Bestu kveðjur úr Flóaskóla  
Þórunn Jónasdóttir



### Dagskrá mánaðarins:

Sumarlokun á skrifstofu Flóahrepps	15. júlí - 5. ágúst
Unglingalandsmót UMFÍ	1. - 4. ágúst
Skrifstofa Flóaskóla opnar	6. ágúst
Íþróttæfing yngri	7. ágúst
Leikjakvöld eldri	8. ágúst
Íþróttæfing yngri	14. ágúst
Leikjakvöld eldri	15. ágúst
Skógarganga í Haukadalsskógi	20. ágúst
Íþróttæfing yngri	21. ágúst
Leikjakvöld eldri	22. ágúst
Skólasetning í Flóaskóla	23. ágúst
Flóamót í Flóaskóla	30. ágúst